

Ísafjörður, 12. október 2018
2018050049

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 4. október s.l. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Breytingarsvæðið afmarkast af Eyrargötu, Hafnarstræti, Túngötu og Kirkjugötu, eða svokallaður reitur 2 í gildandi deiliskipulagi Eyrarinnar. Markmið breytingarinnar er að skapa svigrúm til uppbyggingar á reitnum í sátt við verndun á svæðinu. Heimilt yrði að stækka leikskólann Eyrarskjól við Eyrargötu 1. Notkun lóðarinnar að Túngötu 10 breytist úr því að vera ætluð undir gæsluvöll og verður nú ætluð undir starfsemi sem tengist safnahúsinu s.s. forvörslu, geymslur og starfsmannaaðstöðu.

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br.

Skipulagssvæðið er innan svæðis P12 sem er m.a. ætlað fyrir safnahús og leikskóla. Stærstur hluti er opið svæði en hluti tilheyrir íbúðarsvæði Í3. Hverfisverndarsvæði H8 nær að hluta inn á svæðið en safnahúsið er þó eina byggingin sem nýtur hverfisverndar á þessu svæði deiliskipulagstillögunnar. Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags. Húsakönnun og fornleifaskráning liggja fyrir.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, frá **18. október til 30. nóvember 2018** og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is .

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **3. desember 2018** annaðhvort á skrifstofur Ísafjarðarbæjar eða á netfangið: axelov@isafjordur.is

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar